

# Samyrkjufjós í mjólkurframleiðslu „Samrekstrarfjós“

12.04.2019

Gunnar Guðmundsson  
María Svanþrúður Jónsdóttir

## Efnisyfirlit

Samrekstur fjósa í Noregi.....	1
Yfirlit:.....	1
Áhrifaþættir .....	1
Áframhaldandi þróun samrekstrar: .....	3
Verkefnið – Samrekstrarfjós: .....	4
Lýsing á verkferlinu .....	4
Samningurinn:.....	4
Hvar og hvenær getur samrekstur komið til greina.....	6
Samanburður á helstu rekstrarformum í samrekstri: .....	6
Rekstrar- og fjármögnunaráætlun fyrir mismunandi rekstrarmódel.....	7
Hagræðing af samrekstri, vinnuframlag og nýting rekstrartækja og fasteigna .....	7
Að lokum. ....	8
Heimildir:.....	10
Viðauki 1.....	i

## Samrekstur fjósa í Noregi

### Yfirlit:

Skilgreining á samrekstri í mjólkurframleiðslu er; þegar tveir eða fleiri bændur sameinast (slá saman) um nýtingu ræktunar og bústofns og starfrækja í sameiningu fóður- og mjólkurframleiðslu og skipta afrakstrinum á milli sín í hlutfalli við vinnu- og fjárframlag.

Samvinna í mismunandi formum hefur tíðkast í landbúnaði um langa hríð, - bæði héraendis og erlendis. Fyrirbærið samyrkjubú þekkt og er víða að finna erlendis.

Samrekstrarfjós eru þekkt í Svíþjóð frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Í Noregi verða fyrstu samrekstrarfjósin að veruleika fyrir og í kringum 1950. Þá einkum sem hrein samrekstrarfjós án uppeldis og sameiginlegrar gróffóðuröflunar. Þeim fjölga ört á sjötta og sjöunda áratug aldarinnar. Upp úr 1980 verður hins vegar nokkur aftur kippur í framþróun samrekstrarfjósa, einkum vegna umtalsverðra breytinga í opinberu stuðningsfyrirkomulagi, sem höfðu í för með sér lakari fjárhagsafkomu. Nýliðun í samrekstri stöðvaðist nær alveg. Með endurupptöku fyrri stuðnings á tíunda áratug síðustu aldar fjölgaði þeim aftur og þá byggðu þau á nánast sama grunni og reglum og viðgengst enn þann dag í dag.

Skömmu fyrir og um síðustu aldamót verður svo mikil fjölgun samþykktra samrekstrareininga í Noregi, einkum í jaðarbyggðum og á fyrstu árum aldarinnar eru þau orðin tæplega 900. Það elsta stofnsett 1968. Stærstur hluti er samrekstur tveggja aðila, en dæmi eru um allt að sjö aðila sem standa að samrekstri. Algengasta fyrirkomulagið er að samreksturinn leigir fjósbyggingu eins þátttakenda fyrir mjólkurkýrnar en ungiði og uppeldi sé í öðru fjósi. Ræktunarland (til gróffóðuröflunar og beitar) og greiðslumark leggja félagarnir fram til samrekstrarins. Í langflestum tilvikum sinna félagarnir þeirri vinnu sem samreksturinn útheimtir í sameiningu og sömuleiðis vélavinnu.

Að óbreyttu stuðningsfyrirkomulagi við samrekstur er gert ráð fyrir auknum samrekstri í mjólkurframleiðslu í Noregi, en reiknað er með að kostnaður í mjólkurframleiðslunni, einkum byggingakostnaður og vinnulaun muni vaxa hraðar en afurðatekjur. Þessu mun væntanlega fylgja „struktur / innviða“- breytingar, - en frá sjónarhóli landbúnaðarins er æskilegra að efla samrekstur frekar en að til verði fjöldi risa-búa sem verða rekin með aðkeyptu vinnuafli. Stuðningsfyrirkomulag mun þó ráða miklu um áframhaldandi þróun.

### Áhrifaþættir

Að mati Norðmanna fylgja samrekstri ýmsir kostir – en samrekstur er heldur ekki með öllu gallalaus:

#### **Kostir samrekstrar:**

- Meiri möguleikar á (sumar) fríum og reglubundnum frítíma
- Aukið öryggi ef veikindi ber að höndum
- Félagsleg og fagleg samvinna / samkennd eykst og styrkist

- Fjárfestingaþörf í byggingum, vélum og tækjum getur auðveldlega orðið minni
- Betri nýting aðgengilegra aðfanga („gæða“ - resurser)
- Aukin tími til að sinna öðrum (tekjuskapandi) viðföngum á búunum

#### Ókostir samrekstrar:

- Krafa um hverskonar skipulagningu og reglur er meiri en í einstaklingsrekstri
- Aukin krafa eða þörf um stjórnun og upplýsingagjöf
- Sjálfsákvörðunarréttur þátttakenda er minni / skertur
- Samrekstur getur leitt til lakari nýtingar bygginga, véla og aðstöðu
- Minni framlög / tekjur
- Flóknara reikningshald

#### Hinar mannlegu forsendur samvinnu:

Fjölmargar ytri aðstæður hafa einnig áhrif á samrekstur í landbúnaði. Mann- og menningarlegir þættir hafa jafnan meiri þýðingu fyrir umfang samvinnu í landbúnaði heldur en sá rammi sem samfélagið setur. Samvinna lætur ekki öllum og „þú stofnar ekki til samrekstrar með hverjum sem er“.

Nefna má nokkra þætti sem skipta miklu máli þegar einstaklingar huga að stofnun samrekstrar:

- Raunverulegur áhugi fyrir sameiginlegum hag þarf að vera fyrir hendi
- Opin og ærleg samskipti aðila; ekki flýta sér/gefa sér tíma, ræða málin í botn
- Heiðarleiki og gagnkvæm virðing félaga
- Virkni – ákveðni / drift, láta hlutina ganga
- Verkaskipting aðila sé skýr

#### Samrekstrarformið:

Í stórum dráttum geta aðilar í samrekstri í landbúnaði valið sér rekstrarform, sem þeir telja sér henta. Tvö rekstrarform eru þó algengust. Annarsvegar (ábyrg) „**félög með ótakmarkaðri ábyrgð**“ þar sem félagarnir bera alla ábyrgð (skipt ábyrgð) á skuldbindingum samrekstrarins og hins vegar „**félög með takmarkaðri ábyrgð**“ þar sem aðilarnir bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram þeirra framlag til samrekstrarins. Meirihluti samrekstrarfélaga í dag eru félög með **skiptri, ótakmarkaðri ábyrgð**.

Félagsformið í samrekstri snýst ekki eingöngu um ábyrgð félaganna heldur einnig skattalegar aðstæður. Í rekstrarfélagi með ótakmarkaðri ábyrgð eru aðilarnir jafnan sjálfstæðir skattaðilar. Samrekstrarfélagið er ekki sjálfstæður skattaðili en rekstrarafgangur / tap eða útgreiddur arður er skattlagður hjá félögunum.

### Áframhaldandi þróun samrekstrar:

Í áranna rás hafa ýmsar reglur og tilskipanir þróast og breyst í ljósi reynslu. Einn af stærri óvissuþáttum um viðgang og þróun samrekstrar er breytingar sem verða að hálfu hins opinbera á umgjörð og ytri aðstæðum samrekstrar, - sem oftast en ekki hafa einhver áhrif á hagkvæmni. SKO (Samdriftens kontaktorgan) eru samtök aðila í samrekstri sem vinna að hagsmunamálum hans bæði fjárhagslega og faglega.

Það er síðan á allra seinustu árum (2013-2015) að Norsku Bændasamtökin, í ljósi fenginnar reynslu, ákveða að endurskoða og þróa ítarlegar regluverk í kringum samrekstrarfjós og taka jafnframt saman leiðbeinandi handbók eða vegvísi um hvernig best er að standa að samrekstrinum

## Verkefnið – Samrekstrarfjós:

### Lýsing á verkferlinu

Ástæða þótti til að kanna hvort samrekstur, að norskri fyrirmynd væri skynsamlegt eða áhugavert fyrirkomulag í íslenskri mjólkurframleiðslu. Til að kanna það var ákveðið að sækja um fjárstuðning til Framleiðsjóðs landbúnaðarins/Fagráðs í nautgriparækt.

Með bréfi, dagsettu 30. nóvember 2016, samþykkti Framleiðisjóður landbúnaðarins / Fagrád í nautgriparækt að veita Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) fjárstuðning til að vinna afmarkað verkefni um fýsileika „Samrekstrar“ að norskri fyrirmynd í íslenskri mjólkurframleiðslu.

Haustið 2016 leitaði RML formlega til norsku Bændasamtakanna (Norges bondelag) eftir upplýsingum og gögnum um hvernig staðið er að samrekstri þar. Einmitt á þeim tíma stóð yfir heildar endurskoðun á fyrirkomulagi og reglum í kringum samrekstur og því varð nokkur seinkun á að við fengjum gögn.

Um var að ræða eftirtalin gögn;

- **Rammasamning:** ítarlegt samningsform, sem í ljósi fenginnar reynslu af samrekstri tekur á nærfellt flestum þáttum hans, - er ítrasta, efnislega form sem talið er að þurfi að fylgja til að samrekstur gangi snuðrulaust.
- **Handbók:** ítarlegur vegvísir, uppsláttarrit um samrekstur, sem fjallar nákvæmar um hvern einstakan þátt rammasamningsins, ásamt því að vera leiðarvísir um undirbúning og aðdraganda þess að stofna til samrekstrar.

### Samningurinn:

Norski samningurinn hefur verið þýddur á íslensku og eftir því sem við á verið aðlagður að okkar aðstæðum (sjá viðauka 1). Samningurinn samanstendur af eftirfarandi aðal- og undirþáttum:

#### I. Grunnreglur

*Um félagsheiti, ábyrgð, innborgun hlutafjár og framlög, um þátttakendur, markmið og gildistími samnings*

#### II. Eignarhlutir, leigu - og kaupsamningar

*Mat á eignum, greiðslumark, verðmat gripa/bústofns, ræktun, búvélar og um mögulega lántöku*

#### III. Framleiðsla og daglegur rekstur

*Rekstraráætlun, vinnufyrirkomulag, fóðuröflun*

#### IV. Reikningshald, áætla- og skýrslugerð

*Um bókhald, daglega stjórnun, rekstraráætlanir*

#### V. Ábyrgðarfyrirkomulag - meðferð tekna

*Um skuldbindingar, meðhöndlun krafna, endurkröfurétt á félagana*

#### VI. Meðhöndlun tekna

*Forgangs- og aukabóknanir fyrir vinnuframlag, þóknun fyrir mjólkurkvótaafnot, - um meðferð rekstrarafgangs*

#### VII. Sala á félagshlutum, inn- og útganga úr samrekstri og slit

*Virgni félaga, ef veikindi / andlát, um kynslóðaskipti, um úrsögn, útilokun félaga*

**VIII. Stjórnunarfyrirkomulag og fyrirsvar**

*Um félagsfundir, aðal- og aukafundir, stjórn/daglegur stjórnandi / talsmaður*

**IX. Viðbótarákvarðanir**

*Breytingar á aðalsamningi, um meðferð ágreinings, staðfest undirskrift*

- Samningurinn er ítrasta form sem talin er þörf á að fella í samning tveggja eða fleiri aðila. Ekki er skylt né talin þörf á að fylgja forminu um alla þætti, ef samningsaðilar eru ásáttir um annað og þá e.t.v. einfaldari útgáfu. Regluverk kringum nautgriparækt hér á landi er án efa í einhverjum atriðum frábrugðið því norska. Í því samhengi þarf væntanlega að huga að einhverjum breytingum á reglugerð um stuðning við nautgriparækt samkvæmt samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar sem dagsett er 19. Febrúar 2016, ef til samrekstrar er stofnað hér. Reglugerð um greiðslumark gerir, - við fyrstu sýn, ekki ráð fyrir að greiðslumarkshafi geti ráðstafað því til samreksturs sem er staðsettur á annari jörð en hann býr á. Það atriði þarf að skoða sérstaklega.
- Við aðlögun samningsins hefur lögfræðingur BÍ hefur verið okkur innan handar um að skoða og leggja mat á nokkur lögfræðileg atriði, sem kunna að vera með öðrum hætti hér hjá okkur og einnig hefur hann (hún) bent á hluti sem ekki er brýn nauðsyn að séu í samrekstrarsamningi við okkar aðstæður
- Málið hefur verður kynnt í grein í Bændablaðinu sem kom út snemmsumars 2018. Það var fyrsta kynning málsins fyrir bændum - en nú þegar hafa tveir kúabændur sýnt málinu áhuga og eru að velta fyrir sér þessari leið. Nýlega óskaði svo framkvæmdastjóri LK eftir að fá til skoðunar samningsformið. Önnur kynning á málinu hefur ekki enn farið fram.
- Samningsformið er þegar aðgengilegt hjá RML og rekstrarráðgjafar RML svara fyrirspurnum og eru til aðstoðar og ráðgjafar þeim bændum sem kunna að hafa áhuga á að kynna sér málið nánar.
- Handbókin er á norsku og fyrst og fremst hugsuð sem hjálpartæki, uppláttarrit fyrir ráðgjafarþjónustu landbúnaðarins. Við höfum ekki heimild til að fjölfalda eða dreifa henni.

Hvar og hvenær getur samrekstur komið til greina.

Fyrirkomulag samrekstrar getur vel komið til greina víða um land, einkum þar sem hæfilega langt er á milli þeirra bújarða sem vilja efna til samvinnu í kúabúskap.

Í Noregi er ekki talið æskilegt að fjarlægð milli búa sem standa saman að rekstri sé meiri en 10 km.

Skynsamlegt getur verið að horfa til þessa möguleika á jörðum þar sem huga þarf að uppbyggingu, t.d. vegna krafna um bættan aðbúnað, en viðkomandi rekstrareining er tæpast nógu stór til að standa straum að verulegum fjárfestingakostnaði. Einnig getur þetta skilað verulegri hagræðingu þegar kemur að nýtingu ræktunarlands og þeirra fasteigna sem þegar eru til staðar á viðkomandi jörðum.

Hugmyndir um þetta fyrirkomulag hafa meðal annars komið upp í eftirtöldum sveitum: Reykhólasveit, Hornafirði og Vestur-Skaftafellssýslu. Fleiri svæði mætti nefna þar sem samrekstur fleiri búa getur komið til greina og verið hagkvæmur. Nefna má einnig að samrekstur getur leitt til ákveðinnar hagkvæmni er varðar mjólkurflutninga.

**Samanburður á helstu rekstrarformum í samrekstri:**

Í meðfylgjandi töflu nr. 1 er stillt saman fáeinum mikilvægum eiginleikum fimm rekstrarforma auk einstaklingsreksturs. Fljótt á litið virðast þrjú rekstrarform helst koma til álita, - þ.e. sameignarfélag, samlagsfélag og einkahlutafélag. Hér eru þrír þættir lagðir til grundvallar mati á kostum formanna þriggja, þ. e. kostnaður við stofnun, ábyrgð eigendanna og skattlagning hagnaðar

### **Sameignarfélag (sf)**

Eigendur sameignarfélags þurfa að vera tveir að lágmarki og upphæð stofnfjár er ákveðin af félögunum og ekki tilgreind. Félagarnir ákveða hvort félagið sé sjálfstæður skattaðili og ef svo er tekjuskattur 37,6 %. Ábyrgð félaga í sameignarfélagi er bein, óskipt og ótakmörkuð (sólídarísk ábyrgð), sem merkir að unnt er að ganga að öllum (persónulegum) eignum hvers og eins félaganna áður en gengið er að eignum félagsins. Er það helsti ókostur félagsformsins. Aðgengi eigendanna að fjármunum félagsins er hagstætt, auðvelt að taka fé út úr rekstrinum, og hentar vel þar sem samreksturinn er áhættulítill og arðbær. Stofnkostnaður er hóflegur og hentar samstiga félögum.

### **Samlagsfélag (slf):**

Að minnsta kosti tveir einstaklingar geta stofnað samlagsfélag, sem byggist á samningi þar sem félagsmönnum er skipt í tvo hópa þar sem að minnsta kosti einn félagsmaður ber beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins (sólídaríska ábyrgð). Hinn hópurinn ber takmarkaða ábyrgð sem miðast við framlag viðkomandi til rekstursins. Eigendur samlagsfélags ákveða hvort félagið er sjálfstæður skattaðili eður ei. Sem sjálfstæður skattaðili ber félaginu að greiða 37,6% tekjuskatt. Einn af kostum samlagsfélagsformsins er að



hagnaður rennur beint til eigenda félagsins án þess að vera skattlagður sérstaklega. Stofnkostnaður er hóflegur og engin krafa er um stofnfé.

### **Einkahlutafélag (ehf):**

Stofnendur einkahlutafélags geta verið einn eða fleiri. Stofnkostnaður er hár, að lágmarki 500 þúsund kr. hlutfjárframlag. Ábyrgð eigenda einkahlutafélaga er óbein og pro rata og takmarkast við hluta hvers eiganda í stofnframlagi félagsins. Er það einn helsti kostur þessa félagsforms ásamt því að tekjuskattprósenta félagsformsins er 20% og skattlagning á arðgreiðslum úr hlutafélagi er 22%. Helstu gallar eru að stofnkostnaður er hár og eigendur geta ekki tekið fé út úr fyrirtækinu sem arð nema að undangengnum aðalfundi og að uppfylltum þeim skilyrðum sem lúta að arðgreiðslu. Ef framkvæmdar eru greiðslur til eigenda, sem ekki eru ákvarðaðar á aðalfundi, eru þær skilgreindar sem launagreiðslur.

Ofangreind þrjú rekstrarform virðast öll geta komið til greina í samrekstri og raunar snýst spurningin um hvað þeir aðilar sem hyggja á samrekstur telja henta við gefnar aðstæður. Samvinnu- og hlutafélög virðast síður álitleg félagsform í samrekstri, einkum vegna kröfu um fjölda þátttakenda og háan stofnkostnað.

Hinsvegar er reyndin sú að einkahlutafélag (ehf) er langvinsælasta félagsform í fyrirtækjarekstri hér á landi, en um 84 % fyrirtækja sem skráð eru í firmaskrá eru starfrækt á því formi. Af því vali má e.t.v. ráða, að eigendur leggi áherslu á félagsform sem útheimtir takmarkaða fjárhagslega ábyrgð eigenda félagsins og að skattlagning þess sé hógvæð og skipti máli (tekjuskattur 20%). Í þessu ljósi má e.t.v. ætla að við aðstæður í íslenskri mjólkurframleiðslu muni bændur, sem hyggja á samrekstur, allt eins halla sér að ehf-forminu frekar en samlags- eða sameignarforminu, þó vissulega komi þau einnig til greina. Skuldsetning einstaklinga eða félaga, sem fara út í samrekstur kúabúa skiptir einnig máli.

### [Rekstrar- og fjármögnunaráætlun fyrir mismunandi rekstrarmódel.](#)

Liður í verkefninu um „Samrekstrarfjós“ var að skoða þörf fyrir gerð sérstakra reiknilíkana. Niðurstaðan var sú að reiknilíkan það sem rekstrasvið RML notar við gerð rekstraráætlana myndi vera hentugast til notkunar og því væri ekki þörf á því að gera ný líkön. Misjafnt er hvaða rekstrarform bændur eru með nú þegar sem hyggja á samrekstur og því þarf að skoða hvert dæmi fyrir sig sérstaklega út frá félagsformum og uppbyggingu samrekstrar.

### [Hagræðing af samrekstri, vinnuframlag og nýting rekstrartækja og fasteigna](#)

Einn af höfuð kostum samrekstrar í mjólkurframleiðslu og raunar eitt af þremur megin markmiðum hans er: *aukinn og skipulegri frítími eigendanna og minni binding*. Sama gildir um vinnuframlag eigenda og annað, að það fyrirkomulag sem aðilar eru sammála um og staðfesta með samningi gildir. Í samkomulagi um samstarf er gengið út frá föstu daglegu vinnuframlagi sem aðilar skipta með sér og er grunnur að ákvörðun fastra launa. Síðan koma væntanlega auka verk eða breytileg árstíðabundin verk s.s. (sjúkdómar/dýralæknaheimsóknir, burðir, heyskapur o.þ.h.). Slík vinna er gerð upp sérstaklega og eðlilegt er að skipta henni á milli aðila. Ennfremur geta samstarfsaðilarnir skipt með sér verkum og verkefnum eftir færni,

starfsreynslu og áhuga. Hagræðing af samnýtingu á húsakosti og vélbúnaði ýmiskonar er undantekningalítið veruleg í alla staði.

#### Að lokum.

Hér að framan er gerð grein fyrir hvernig staðið er að samrekstri í mjólkurframleiðslu í Noregi, - og í því ljósi fjallað nokkuð um fýsileika þess að efna til samrekstrar tveggja eða fleiri aðila í mjólkurframleiðslu hér á landi. Ítarlegur rammamningur tekur á mjög mörgum þáttum samrekstrar en á hinn bóginn er ljóst að unnt er að fara aðrar og í sumum tilvikum einfaldari leiðir við stofnun og framkvæmd í samrekstri. Grunnatriðið í samrekstri er, að vanda til verka, gefa sér góðan tíma við undirbúning í upphafi og hafa sem flesta þætti fellda í samning sem allir aðilar (NB: bændafjölskyldan öll) eru sammála um. Eitt af grundvallar atriðum við sjálfa samningsgerðina er að leggja áherslu á kosti samrekstrar um leið og reynt er að minnka vægi ókostanna. (Sjá yfirlit um samrekstur í Noregi)

**Það er ljóst að í einhverjum tilvikum, einkum er varðar meðferð og flutning greiðslumarks í mjólk, þarf að breyta gildandi reglugerðum ef stofna á til samrekstrar í mjólkurframleiðslu.**

Á grundvelli þeirra gagna, sem hér hefur verið fjallað um, er einnig ástæða til að kynna málefnið almennt og ekki síður fyrir lánastofnunum. Ekki er fráleitt að ætla, að lánveiting til fjárfestingar hjá samrekstrarfélagi verði álitin tryggari og jafnvel veitt á hagstæðari kjörum en til einstaklinga.

Tafla nr. 1. Samanburður mismundandi rekstrarforma.

	Einstaklings- fyrirtæki	Sameingar- félag	Samlags- félag	Samvinnu- félag	Einkahl. félag	Hluta- félag
Skráning	RSK	RSK	RSK	RSK	RSK	RSK
Skammst.		SF.	SLF.	Svf.	EHF.	HF.
Fjöldi eigenda	Einn eigandi	Lágmark tveir	Lágmark tveir	Lágmark 15 félagar	Einn eða fleiri	A.m.k. tveir
Ábyrgð eigenda	Bein og ótakmörkuð	Bein, óskipt og ótakm	A.m.k einn ótakmark - aðrir takm	Óbein og pro rata (takm)	Óbein og takmörk.	Takmörkuð við hlutafé
Skráningar- kostnaður	0 kr. eða 67.500 kr <sup>1)</sup>	89.000 kr.	89.000 kr.	256.000 kr.	130.500 kr.	256.000 kr.
Stofnfé	þarf ekki	Ákv. af félags mönnum	Ákv. af félags mönnum	Ákv. af fél. mönnum.	Lágmark 500.000 kr	Lágmark 4.0 mkr
Tekjuskattur <sup>3)</sup>	36,94 % og 46,24 %	37,6 % ef sjálfstæður skattaðili	37,6 % ef sjálfstæður skattaðili	20 %	20 %	20 %
Skattlagning arðs <sup>3)</sup>	Ekki greiddur arður	Ekki greiddur arður	Ekki greiddur arður	Ekki greiddur arður	22 %	22 %
Arðgreiðslur	Nei	Nei	Nei	Nei	Já	Já
Ákvarðana - taka	Eigandinn	Félagsfundur – mögulega stjórn	Félagsfundur - mögulega stjórn	Aðalfundur stjórn / framkv. stj	Hluthafaf./ stjórn/ framkvæm dastjóri	Hluthafaf./ stjórn/ framkvæm dastjóri
Ársreikningur	Já ?	Já – ef sjálfstæður eða yfir stærðarmörk um 2 ár í röð	Já – ef sjálfstæður eða yfir stærðarmörk um 2 ár í röð	Já	Já	Já
Reikningsskil	Já ?	Já	Já	Já	Já	Já
Framtals- skylda	Já	Já, - ef sjálfstæður skattaðili	Já – ef sjálfstæður skattaðili	Já	Já	Já

1) 0 = þá er félagið skráð á nafn eiganda. 67.500 = þá er félagið skráð á eigið nafn

2) Sameignar- og samlagsfélög geta verið ósjálfstæður eða sjálfstæður skattaðili

3) Fyrirtæki innheimta fjármagnstekjuskatt af arðgreiðslum fyrir ríkið. Það er því verið að skattleggja eigendur en ekki fyrirtæki. Einstaklingsdyrirtæki, sameignar-, samlags- og samvinnufyrirtæki greiða ekki út arð heldur er hagnaði útteilt beint til eigenda eftir að félagið sjálft hefur greitt tekjuskatt af hagnaðinum. Því greiða eigendur þessara félaga ekki fjármagnstekjuskatt af hagnaði félaganna

## Heimildir:

Knut Heie & Tor Breen, 2002: **SAMDRIFT Í MELKEÐRPODUSJONEN**, NILF (Norsk institutt for landbruksøkonomisk forskning)

Kjell Arne Dysterbakken, 2002: **Samdrift, driftsformer og entreprenører**. Nordisk Ökonomisk Kvægavl, Brønderslev, Danmark.

## Viðauki 1

# Félagssamningur

## um

### „samrekstur“ í mjólkurframleiðslu

### með hlutfallslegri, takmarkaðri ábyrgð

#### I – GRUNNREGLUR:

##### 1. Félagsheiti og ábyrgðarform

Samrekstrarfélagið heitir; \_\_\_\_\_ „Samrekstur“. Það er skráð í firmaskrá. Félagið er hér eftir nefnt „Samreksturinn“ (vinnuheiti í texta)

Þátttakendurnir bera í sameiningu ótakmarkaða og persónulega ábyrgð á skuldbindingum samrekstrarins, - en þó er ekki unnt að krefja hvern og einn um meira en sem nemur hans eignarhlutdeild í félaginu (skipt / takmörkuð ábyrgð ?)

##### 2. Hlutfé, þátttakendur, eignahlutir og fjárframlög

Eigið fé samrekstrarins á stofndegri er ákveðið kr. \_\_\_\_\_

Þátttakendur skulu greiða hlut sinn í eigin fé Samrekstrarins í samræmi við sinn eignarhlut.

Þátttakendur í Samrekstrinum eru eftirtaldir og stofnframlaga þeirra er:

**Þátttakandi A:** \_\_\_\_\_, eigandi bnr. \_\_\_\_\_

Framl. Nr. \_\_\_\_\_ Heimilisfang: \_\_\_\_\_

Hluttur A í samrekstri: \_\_\_\_\_ %. Samtals stofnframlag, kr. \_\_\_\_\_

**Þátttakandi B:** \_\_\_\_\_, eigandi bnr. \_\_\_\_\_

Framl. Nr. \_\_\_\_\_ Heimilisfang: \_\_\_\_\_

Hluttur B í samrekstri: \_\_\_\_\_ %. Samtals stofnframlag, kr. \_\_\_\_\_

**Þátttakandi C:** \_\_\_\_\_, eigandi bnr. \_\_\_\_\_

Framl. Nr. \_\_\_\_\_ Heimilisfang: \_\_\_\_\_

Hlutur C í samrekstri: \_\_\_\_\_ %. Samtals stofnframlag, kr. \_\_\_\_\_

**Þátttakandi D:** \_\_\_\_\_, eigandi bnr. \_\_\_\_\_

Framl. Nr. \_\_\_\_\_ Heimilisfang: \_\_\_\_\_

Hlutur D í samrekstri: \_\_\_\_\_ %. Samtals stofnframlag, kr. \_\_\_\_\_

Gjalddagi stofnframlags er stofndagur Samrekstrarins, eins og fram kemur í tölulið 5.

Þátttakendur í Samrekstrinum eru ekki skyldugir til að greiða hærra stofnframlag en tilgreint er í þessum samningi, nema ef ófrávíkjanlegar reglur eða lög mæla fyrir um það.

### 3. Heimili (aðsetur)

Heimili og starfsstöð er í sveitarfélaginu; \_\_\_\_\_

Heimilisfang Samrekstrarins er;

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

### 4. Markmið Samrekstrarins

Markmið Samrekstrarins er; að framleiða mjólk og kjöt, ásamt starfsemi sem tengist þeirri framleiðslu. Tilgangur með því að færa framleiðslu einstakra þátttakenda inn í samrekstrarfélag er:

- A) Að ná fram fastmótaðra vinnufyrirkomulagi,
- B) Auka frítíma og minnka bindingu, umfram það sem hver og einn getur náð hver í sínu lagi.
- C) Betri rekstrarafkoma en hver og einn getur náð út af fyrir sig

### 5. Upphaf og gildistími

Upphafsdagur í starfsemi Samrekstrarins er: \_\_\_\_\_/\_\_\_\_\_-20\_\_.

Samrekstrarsamningurinn gildir í \_\_\_\_\_ ár og rennur út hinn \_\_\_\_\_/\_\_\_\_\_-20\_\_  
nema að um annað verði einróma samið.

Eigi síðar en ári áður en samningurinn rennur út, skal félagsfundur ákveða hvort samningurinn verði framlengdur eða hvort félagið skuli leyst upp, og eða að gerður verði nýr samningur með e.t.v. breyttum hópi þátttakenda, eða öðrum breytingum sem gera þarf.

Lokauppgjör Samrekstrarins eða breyting á þátttakendahlutanum, - fyrir, við eða eftir að samningurinn fellur úr gildi, getur aðeins gerst í samræmi við reglur í VII. kafla.

## **II - EIGNARHLUTIR OG LEIGUSAMNINGAR:**

### **6. Ástands- og virðismat.**

Ef hlutur (eign) eins þátttakanda er seldur til Samrekstrarins, ber að vinna verðmat af til þess bærum aðila, sem hefur engin (hagsmuna)tengsl við neinn þátttakendanna. Yfirtaka eða sala skal eiga sér stað á markaðsvirði. Verðmatið skal vera viðhengi með samrekstrarsamningnum. Mat á persónulegum tengslum skal gera á grunni II. kafla stjórnssýslulaga nr. 30/1993.

### **7. Greiðlumark í mjólk**

Samreksturinn fær afnotarétt að öllu greiðslumarki þátttakendanna, frá byrjun samrekstrar, að því tilskyldu að landbúnaðarráðuneytið veiti samþykki fyrir því. Í upphafi er greiðslumarksstaða hvers þátttakanda eftirfarandi:

Þátttakandi A: \_\_\_\_\_ lítrar mjólkur.

Þátttakandi B: \_\_\_\_\_ lítrar mjólkur.

Þátttakandi C: \_\_\_\_\_ lítrar mjólkur.

Þátttakandi D: \_\_\_\_\_ lítrar mjólkur.

Þátttakandi E: \_\_\_\_\_ lítrar mjólkur.

Samrekstrinum ber að greiða þátttakendunum afgang (leigugjald) af greiðslumarkinu. Þeir geta samt sem áður sammælt um að gera það ekki, ef aðildargjald að félaginu byggir á framlögðu greiðslumarki.

Greiðslumarksleigan (í samræmi við 2 tölulið, fyrstu málsgrein) er ákveðin kr. \_\_\_\_\_ á lítra. Upphæð leigunnar er ákveðin árlega á félagsfundi. Nái ársframléiðslan ekki greiðslumarki lækkar leigan hlutfallslega til samræmis.

Ef allir þátttakendur eru því sammála, geta einn eða fleiri af þátttakendum aukið við sitt greiðslumark með kvótakaupum. Samkomulagið skal vera skriflegt og taki mið af þeim reglum sem gilda um viðskipti með greiðslumark á hverjum tíma.

Aðrir hlutir úr búrekstri hvers þátttakenda, svo og eignir s.s. ræktað land og byggingar ganga ekki inn í samreksturinn án sérstaks samnings.

## **8. Gripahús - fjós**

Samhliða gerð samrekstrar-samnings, ber að gera skriflegan samning um byggingu, kaup eða leigu á framleiðsluaðstöðu (fjósi / gripahúsi) fyrir félagið. Sá samningur skal vera fylgirit samrekstrarsamningsins. Huga skal sérstaklega að meðferð virðisaukatts við gerð samnings.

Byggingar sem eru byggðar eða keyptar af Samrekstrinum skulu vera á afmarkaðri eignar- eða leigulóð.

Samningur um leigu á gripahúsum til lengri tíma en 10 ára þarf að samþykkjast af viðkomandi sveitarfélagi. Ef um er að ræða leigu á framleiðsluaðstöðu, þarf að fara fram ástandsskoðun (úttekt) í upphafi og við lok leigutíma

## **9. Landssvæði til beitar og heyöflunar**

Félagar í Samrekstrinum skulu afla heyja fyrir reksturinn, ef ekki er um annað samið eða annað fyrirkomulag þar um (sjá tölulið 16)

Þegar Samrekstruinn sjálfur annast heyöflun skal gerður um það sérstakur samningur, sem er viðhengi aðalsamnings.

Sama gildir um leigu eða afnot beutilands. Sérsmningur þar um sé fylgiskjal með aðalsamningi.

## **10. Bústofn – áhöfn**

Samhliða stofnun Samlrekstrarins er mögulegt að gera sérstakan, skriflegan samning um kaup á bústofni. Slíkur samningur er þá viðauki við aðalsamninginn.

Samreksturinn yfirtekur eðlilega og heilbrigða gripi (kúr og kvígur), ásamt gripum sem kunna að vera í lyfjameðhöndlun til skemmri tíma. Fyrir yfirtöku gripanna skulu þeir undirgangast vandlega heilbrigðisskoðun dýrlæknis og vera metnir til verðs, í samræmi við tölulið 6. Þátttakendur í Samrekstrinum skulu eiga þess kost að vera viðstaddir heilbrigðisskoðun og verðmat.

Seljandi gripanna ber kostnað af heilbrigðisskoðun og verðmati.

Gripir sem ekki ganga inn í samreksturinn skulu seldir áður en til samrekstrar kemur.



## 11. Búvélaeign

Samreksturinn getur keypt eða leigt búvélar, tæki og annað rekstrarfé sem þarf til starfseminnar

Vélar og tæki í eigu Samrekstrarins, skulu ekki notuð í búrekstri þátttakendanna, nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi og aðrir aðilar sammála þar um.

Þátttakendurnir; einn eða fleiri geta aðeins gert samkomulag um búvélasamvinnu utan Samrekstrarins, að því gefnu að það valdi ekki vandkvæðum í samskiptum þeirra og Samrekstrarins. (NB: - hér þarf að skoða áhrif landgreiðslna – ekki síst ef um vélasamvinnu er að ræða og rétt hvors aðila um sig til framlaga út á land).

## 12. Framkvæmdalán

Með samþykki allra félaga getur „Samreksturinn“ tekið lán. Samþykkið skal í því tilfelli skrá í gerðabók félagsins og allir aðilar staðfesta með undirskrift.

Með einróma samþykki allra er mögulegt að taka að láni fé hjá einum eða fleirum félaganna

Við lántöku skal ávallt gera hefðbundinn (vottaðann) lánasamning.

## 13. Innskot eigin fjár

Ef tillaga um viðbótar fjárframlög félaganna inn í reksturinn, er samþykkt af öllum félögum, geta þeir styrkt eigið fé félagsins, t.d. til að auka láns hæfi þess. Framlög in skulu vera í réttu hlutfalli við félagsaðild.

## III – FRAMLEIÐSLA OG DAGLEGUR REKSTUR:

### 14. Framleiðsla

Þátttakendum í Samrekstrinum er ekki heimilt að stunda sömu starfsemi/framleiðslu innan og utan þess. Ef ágreiningur er um; „hvað telst sama starfsemi/framleiðsla“ skulu yfirvöld landbúnaðarmála (landbúnaðarráðuneyti) skera úr ágreiningnum áður en samrekstur hefst.

Framleiðsla á vegum einstakra félaga má ekki koma niður á skyldum þátttakenda gangvart Samrekstrinum, s.s. er varðar vinnuframlag, útvegum gróffóðurs eða dreifisvæði fyrir búfjáraður. Framleiðsla á eigin vegum má heldur ekki á neinn hátt

skerða framleiðslustyrki til Samrekstrarins eða valda rekstri þess fjárhagslegu óhagræði, nema gert sé á skýran hátt ráð fyrir því í samrekstrarsamningi og allir aðilar séu því sammála

Samrekstrinum er ekki heimilt að útvíkka sína starfsemi t.d. með því að hefja aðra búfjárframleiðslu, nema fyrir liggi einróma samþykki félagsfundar. Slíkt samþykki skal fært í gerðabók og staðfest með undirskrift allra.

Samreksturinn skal leitast við að haga allri starfsemi/framleiðslu innan ramma og í samræmi við gildandi lög og reglur sem um framleiðsluna gilda, svo sem lög um velferð dýra nr. 55/2013, búfjárhald nr. 38/2013 og viðeigandi reglugerða sem settar eru með stoð í þeim.

## 15. Rekstraráætlun og vinnufyrirkomulag

Áður en Samrekstur hefst skulu þátttakendur í sameiningu stilla upp og síðan uppfæra árlega:

- (1) Rekstraráætlun
- (2) Úthluta og ákvarða ábyrgðarsvið félaganna
- (3) Setja upp vinnuskipulag eigenda

Þátttakendur í Samrekstrinum hafa þannig sammælt um eftirfarandi vinnuskyldu hvers félaga:

Þátttakandi A: \_\_\_\_\_ %

Þátttakandi B: \_\_\_\_\_ %

Þátttakandi C: \_\_\_\_\_ %

Þátttakandi D: \_\_\_\_\_ %

Þátttakandi E: \_\_\_\_\_ %

Breytingar á vinnufyrirkomulagi og nánari útfærsla þess skal semja um árlega.

## 16. Fóðurkaup

Ef ekki er um annað samið, (sjá tölulið 9 - aðra málsgrein), skulu þátttakendur framleiða og afhenda nauðsynlegt magn af gróffóðri til Samrekstrarins. Gróffóðuröflunarskyldan skiptist á milli aðila í samræmi við félagsaðild, og byggist á fóðurorku (fóðureiningum / MJ NEL-20). Sérstakt samkomulag skal gera um

gróffóðuröflunina, - þar sem fram komi skýr ákvæði um (æskilegar) gæðakröfur.  
Áætlun um árlega gróffóðurþörf skal liggja fyrir í árslok árið áður en þess er aflað.

### **17. Dreifing og nýting búfjáraburðar**

Þátttakendur eru skyldugir að taka á móti og nýta þann búfjáraburði sem til fellur árlega, í samræmi við hlut þeirra .

## **IV – BÓKHALD, - BÚREKSTRARÁÆTLUN OG SKÝRSLUGERÐ:**

### **18. Bókhald**

„Daglegur stjórnandi“ ber ábyrgð á að Samreksturinn uppfylli reglubundna skráningu bókhalds í samræmi við gildandi lög og reglur, eða önnur skilyrði sem um slíkt gilda. Félagsfundur, fundur þátttakenda eða stjórn Samlagsins skal hafa eftirlit með að bókhaldsskylda sé uppfyllt og gerir viðeigandi ráðstafanir til úrbóta ef þörf krefur. Reglulega skal farið yfir rekstraryfirlit með þátttakendum Samlagsins.

Bókhaldsuppgjör skal vera reglulegt og því lokið fyrir 31. janúar ár hvert. Ársreikning (endurskoðaðan) og ársskýrslu fyrir næstliðið ár skal leggja fyrir félagafund eigi síðar en 1. apríl ár hvert.

### **19. Rekstraráætlun**

„Daglegur stjórnandi“ skal stilla upp rekstraráætlun, uppfæra árlega og leggja fyrir stjórn til samþykkis fyrir 15. febrúar rekstrarárið .

### **20. Skil á hlutum (aktiva) (utskillelse av aktiva)**

Samlagið er sjálfstæður lögaðili (rettssubjekt). Eignum (aktiva) þess og samningum (transaksjónir) skal haldið aðgreindm frá eignum og samningum einstakra þátttakenda.

Með eignum (aktiva) er átt við verðmæti af ýmsu tagi; innlegg, leigusamninga, eignarland, bústofn, búvélar og annað lausafé - ásamt útistandandi kröfum. fjárhagslegum ? (finansielle plasseringer) .

### **21. Skýrslugerðar- og bókunarkrafa**

Viðskipti á milli Samrekstrarins og einstaka þátttakenda skulu skráð í gerðabók og staðfest með undirskrift. NB: ? viðbót ATH.

Leigðar eignir á landi eða í byggingum skulu vera kortlögð eða fylgja teikningar og afstöðumyndir.

## **V – ÁBYRGÐARFYRIRKOMULAG:**

### **22. Ábyrgð á skuldbindingum Samrekstrarins**

Hver þátttakandi ber persónulega ábyrgð á skuldbindingum Samrekstrarins, sem takmarkast þó við hans eignarhlut, - sb. tölulið 2 í samrekstrarsamningnum og 1. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994.

Þátttakandi sem kemur inn í Samlagið eftir að til þess er stofnað, ber ábyrgð bæði á eldri og nýjum félagsskyldum, sem þó takmarkast við hans eignarhlut

### **23. Kröfur á Samreksturinn**

Lánadrottinn sem á kröfu á Samreksturinn verður að byrja á því að lýsa kröfu sinni á hann.

Ef Samreksturinn greiðir ekki kröfuna innan 14 daga frá því henni er formlega lýst, getur kröfueigandinn krafði hvern og einn féлага beint. Krafa á einstaka féлага getur þó aldrei verið hærrí en svarar til eignarhluta hans í virði Samrekstrarins

### **24. Endurkröfuréttur féлага í samrekstri fram yfir sinn eignarhluta**

Hafi félagi gert upp sína hlutdeild í kröfu á Samreksturinn, getur hann strax endurkrafði hann. Nái Samreksturinn ekki að mæta kröfunni að fullu, getur hann krafði aðra féлага, upp að þeirra eignarhlut þar til kröfunni er mætt, sb. tölulið 22

## **VI – MEÐHÖNDLUN TEKNA SAMREKSTRAFÉLAGINS:**

### **25. Forgangspóknun og aukapóknun fyrir vinnuframlag. Þóknun fyrir greiðslumarksafnot**

Eftir að öll föst og breytileg útgjöld annara viðskiptamanna (kröfhafa) en eigendanna hafa verið greidd, ber Samrekstrinum að setja í forgang greiðslu fyrir vinnu eigenda.

Vinnulaun skulu að jafnaði greidd mánaðarlega á grunni unnins vinnutíma. Forgangsgreiðslur fyrir vinnu skulu miðaðar við fasta upphæð á vinnustund (eða dag) í samræmi við ákvæði í gildandi rekstraráætlun

Þátttakendur skulu skrá sinn vinnutíma. Félagsfundur getur sett ákveðna taxa á vinnu við hirðingu í fjósi og aðra reglubundna verkþætti. Einstaka félagar geta farið fram á að til þess bær faglegur ráðgjafi verði fengin til að meta eðlilegt vinnuframlag við einstaka verkþætti.

Félagi sem leysir annan af, skal fá greitt fyrir afleysingu samkvæmt föstum tímataxta. Ef ekki er um annað samið, yfirfærast samsvarandi tímafjöldi (forgangsvinnu) frá þeim sem unnið er fyrir yfir til þess sem leysir af.

Þegar félagarnir hafa að fullu fengið greitt fyrir forgangsvinnu, ber Samrekstrinum að greiða fyrir annað vinnuframlag (aukatíma), svo og aðrar skuldbindingar gagnvart félögunum sbr. tölulið 7 annar málslíður og tölulið 27. Vanti Samrekstrinum fjármagn til að mæta framlagi fyrir aukavinnu, greiðslumarksaftot o.þ.h. skulu kröfurnar jafngildar þannig að öllum kröfum sé mætt hlutfallslega jafnt.

## **26. Rekstrarafgangur og viðbótarframlög**

Rekstrarafgangur eftir að búið er að greiða að fullu þóknarir fyrir vinnu og greiðslumarksaftot, skal nýttur til að styrkja eignfjárstöðu og til að mæta framtíðarútgjöldum. Þegar rekstrarafgangur nær tiltekinni upphæð, sem félagsfundur ákveður, getur Samreksturinn greitt eigendum sérstök framlög eða arð.

Í stað þess að greiða arð er einnig hægt að hækka launataxta fyrir vinnuframlög eigenda.

## **VII - SALA Á HLOTUM, INN- OG ÚTGANGA ÚR SAMREKSTRINUM OG SLIT SAMREKSTRAR:**

### **27. Frá virkri til óvirkar þátttöku í Samrekstri**

Félagi getur, með einróma samþykki annara, farið úr því að vera virkur yfir í að vera óvirkur félagi í Samrekstrinum.

Þegar það gerist, skal greiðslumark viðkomandi áfram vera nýtt af Samrekstrinum. Leiga fyrir greiðslumark óvirks félaga er haldið eftir til að mæta forgangsvinnu samkvæmt tölulið 25.

Hinir félagarnir skipta hlutfallslega með sér vinnuskyldu þess óvirka samkvæmt tölulið 15.

Hinn óvirki félagi hefur áfram skyldu til að afla gróffóðurs og taka við búfjáraburði sbr. töluliði 16 og 17 í samningnum og með sérsamningum, eða skyldu til að leigja land sb. tölulið 9.

Virku félagarnir geta í sameiningu sagt hinum óvirka upp þátttöku. Útganga og uppgjör gerist þá í samræmi við tölulið 33 annan málslið og eftirfarandi ákvarðanir.

## **28. Andlát félaga, alvarleg veikindi o.þ.h.**

Við andlát félaga getur maki eða lögerfingi (livsarving) gerst félagi í Samlaginu með hlut og eignir hins látna, yfirtekið fasteignir, greiðslumark svo og réttindi og skyldur sem hinn látni hafði samkvæmt aðalsamningi og eða hliðarsamningum. Töluliður 29 önnur málsgrein gildir um hið sama.

Fyrsta málsgrein gildir um hliðstæðu ef einn félagi kýs að draga sig út úr Samlaginu, vegna slyss eða alvarlegra veikinda, eða ef fyrir hendi eru aðrar veigamiklar, persónulegar ástæður

Ef enginn er reiðubúinn að yfirtaka þátttöku í Samlaginu samkvæmt því sem fram kemur í framansögðum tveimur tilvikum, verður sá sem gengur út eða rétthafi hans að lýsa yfir og framkvæma útgöngu samkvæmt ákvæðum sem greinir í tölulið 33. Ef hinsvegar félaginn getur ekki eða rétthafi hans vill ekki þróa þátttökuna áfram innan þess tíma sem tilgreindur er í tölulið 33, fyrstu málsgreinum, verður félaginn eða rétthafinn að heimila Samlaginu afnotarétt að greiðslumarki, gróffóður-, beitar- og dreifilandi þann tíma sem tilgreindur er í tölulið 33, fyrstu málsgrein.

## **29. Kynslóðaskipti**

Töluliður 28, fyrsta málsgrein á við þegar félagi afhendir eignina/býlið (eiendommen) lögráða erfingja við kynslóðaskipti. Lögerfingi getur verið lögráða einstaklingur sem hefur haft tengsl við heimili (félagans) í að lágmarki 10 ár, s.s. fósturbarn, „særkullsbarn (einkabarn)“ sambýlismanns.

## **30. Yfirtaka félagshluta á öðrum grunni**

Í öðrum tilvikum en þeim sem nefnd eru undir töluliðum 28 og 29 er forsenda fyrir yfirtöku á hlut í Samrekstrinum að hinir félagarnir samþykki skriflega einum rómi.

## **31. Inntaka nýrra félaga**

Með einróma samþykki getur Samreksturinn tekið inn nýjan félag. Samþykkið skal bókfært og staðfest af öllum þátttakendum.

Nýr þáttakandi getur gengið til samstarfsins með sérstöku samkomulagi. Hann þarf ekki að kaupa hlut í félagi sem á gripahúsin, nema aðrir félagar í Samrekstrinum geri það að skilyrði fyrir inngöngu í reksturinn

Inntaka nýs þátttakanda í Samrekstri um mjólkurframleiðslu krefst fyrirfram samþykkis landbúnaðarráðuneytis.

### 32. Áreiðanleikakönnun („due diligence“)

Aðili sem íhugar að gerast þátttakandi í Samlaginu, - í samræmi við liði 28. – 31. getur krafist þess að gerð verði „áreiðanleikakönnun“ á rekstrinum á hans kostnað áður en umsókn um inngöngu er tekin til afgreiðslu.

### 33. Úrsögn úr samrekstrinum

Þátttakandi í Samrekstrinum getur með minnst eins árs fyrirvara tilkynnt skriflega um útgöngu úr því. Ef samrekstraraðilar eru aðeins tveir ber að meðhöndla úrsögnina sem kröfu um slit á Samrekstrinum. Þegar einn þátttakandi hefur tilkynnt um úrsögn úr rekstrinum geta þeir sem eftir sitja, innan sex mánaða, sett fram skriflega kröfu um að samrekstrinum eða einstaka hlutum hans verði hætt, sjá tölulið 35.

Með góðum fyrirvara, áður en félagi hættir í samrekstrinum þarf að fá utanaðkomandi aðila til að verðmeta eignir Samrekstrarins í samræmi við ákvæði í tölulið 6. Sá eða þeir aðilar sem ganga út skulu kosta verðmatið samkvæmt fyrstu málsgrein, nema annað hafi verið ákveðið eða að þeir félagar sem eftir sitja geri kröfu um að leysa upp reksturinn.

Úrsögn skal eiga sér stað síðasta dag kvótaársins (31. des). Fráfarandi félagi á að hafa gert upp sinn hlut í eigin fé með innborgun eða útborgun eftir því sem við á.

Einn valmöguleiki við að leysa út féлага úr Samrekstrinum út frá markaðsverði bygginga, getur verið að félagar sem eftir sitja krefji að gripahús sem standa á skipulagðri lóð gangi inn í *eignarhaldsfélag* í sömu hlutföllum og tilgreind eru í tölulið 2. Útgöngu félag(i)(ar) verður þá hluthafi í sérstöku eignarhaldsfélagi. Samreksturinn fær þá (forleigu) rétt til að leigja gripahúsin af eignahaldsfélaginu gegn því að greiða leigu, sem að lágmarki mætir föstum og breytilegum kostnaði, þ.m.t. vexti, árgjald, viðhald og þóknun

Hyggist sá félaginn sem út gengur úr Samrekstrinum hætta búfjárhaldi (framleiðslu) og leigja jörð sína, hefur Samreksturinn eða félagar hans fyrsta rétt til leigusamnings

um jörðina. Leiguverðið skal vera í samræmi við leiguverð ríkisjarða árið á undan og uppfærast í tak við verðlagsbreytingar.

### **34. Útilokun félaga**

Unnt er að útiloka félag frá þátttöku í Samrekstrinum - samkvæmt ákvæðum félagalaga.

Við útilokun skal fylgja sömu aðferðum og tilgreindar eru í tölulið 33.

Samreksturinn og þátttakendur sem eftir sitja geta haldið til haga kröfum á þann sem er útilokaður, t.d. með tryggingafé – til skuldajöfnunar

### **35. Lok samrekstrarins (Upplausn / Slit)**

Unnt er að leggja niður samrekstrinum ef um það er einhugur meðal þátttakenda. Hið sama gildir í kjölfar kröfu um útilokun félaga, sjá lið 33, kafla 1 og 3.

Við uppgjör samrekstrar skulu eignir verðlagðar og seldar og allar skuldir greiddar. Öllum leigusamningum skal sagt upp sem og öðrum samningum. Hagnaður eða tap skiptist á milli félaganna í hlutfalli við eignarhlut, sjá tölulið 2.

## **VIII- Stjórnunarfyrikomulag og forsvar**

### **36. Félagsfundur**

Félagsfundur er æðsta stjórnvald í málefnum Samrekstrarins. Þátttakendur hafa atkvæðisrétt í hlutfalli við eign sína í félaginu (sb. tölulið 2). Aðalfund skal halda einu sinni á ári á tímabilinu 1. apríl til 30. júní.

Félagsfundur fjallar um mál sem eru mikilvæg eða óvenjuleg; til dæmis frekari lántöku, eða viðbótar lántöku, kaup eða byggingu gripahúsa (fjóss), sölu eða veðsetningu eignarhluta sem eru mikilvæg í starfeminni, umtalsverða stækkun rekstrarins eða rekstrarstöðvun.

Félagsfundur ákveður hvort Samreksturinn hafi stjórn og tilnefni í hana verði það niðurstaðan. Félagsfundur velur daglegan stjórnenda, en það getur einnig verið hlutverk stjórnarinnar.

Félagsfundur staðfestir niðurstöðu rekstrar með undirritun ársreiknings og ákveður meðferð rekstrarafgangs eða rekstrarhalla

Að öðru leiti gilda reglur félagalaga um skyldur og ábyrgð / völd félagsfundar



### **37. Sérstakur auka- aðalfundur**

Sérstakan félagafund skal halda með minnst 3ja vikna fyrirvara þegar þess hefur verið óskað skriflega af, að lágmarki 2 félögum eða einum þátttakenda, sem ræður yfir að minnsta kosti 20 % hlut í samrekstrinum. Krafa um sérstakan aðalfund skal rökstudd skriflega og leggja skal fram tillögu um málefni sem skal útkljá á fundinum.

### **38. Stjórn**

Hafi Samreksturinn stjórn, ákveður félagsfundur samsetningu hennar og verkefni

### **39. Daglegur stjórnandi**

Samrekstrinum ber að hafa daglegan stjórnanda. Hann ber ábyrgð á daglegum rekstri, þ.m.t. að laun og reikningar séu greidd á réttum tíma, að bókhald sé fært, stendur skil á opinberum gjöldum í samræmi við lög og reglur. Honum ber einnig að sjá til þess að búfjárhald og hirðing sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um dýravelferð og góða búskaparhætti

Daglegur stjórnandi er prókúruhafi félgsins, nema stjórn ákveði annað.

### **40. Forsvaraðili / talsmaður (representasjon)**

Félagsfundur ákveður hver félaganna riti nafn þess. Hafi Samlagið stjórn, er það á hennar ábyrgð. Sé stjórn ekki fyrir hendi rita félagarnir nafn félagsins í sameiningu.

## **IX – VIÐBÓTARÁKVARÐANIR**

### **41. Tengsl við önnur regluverk**

Vísa í lög sem gilda um framleiðsluna? Þarf ekki endilega. Lög um einkahlutafélög nr. 1994/138.

### **42. Breytingar á samrekstrarsamningi**

Einróma samþykki félagsfundar er forsenda breytinga á samrekstrarsamningi. Breytingar skulu strax tilkynntar stjórnvöldum. Breytingar sem krefjast staðfestingar hins opinbera taka ekki gildi fyrr en staðfesting þess liggur fyrir.

### **43. Um ágreining**

Rísi ágreiningur um efni samnings þessa milli aðila skal leysa úr honum á grundvelli íslenskra laga. Áður en ágreiningur kemur til kasta dómstóla sammælast aðilar um að reynt verði til þrautar að leita lausnar, leita skal aðstoðar óháðs fagaðila, t.d. lögfræðings eða búnaðarráðunauts.

#### 44. Undirskrift

Þessi samningur er gerður í \_\_\_\_\_ samhljóða frumritum, - einu til handa hverjum þátttakanda. Eitt eintak – eða afrit samningsins - skal varðveita hjá yfirstjórn (ráðuneyti) landbúnaðarmála í tengslum við umsókn um samrekstur.

Til að skrá félagið í firmaskrá er nægjanlegt að útbúa einfaldan félagssamning sem uppfyllir almenn lagaákvæði um skráningu félaga (lögaðila).

---

Staður og dagsetning

---

Þátttakandi A:

---

Þátttakandi B:

---

Þátttakandi C:

---

Þátttakandi D:

---

Þátttakandi E:

---

Þátttakandi F:

VOTTAR: - að réttri undirskrift og dagsetningu.

---

---